

Garri

Geðslegir geðlæknar

Garri hefur ávallt verið á mörkum hins heilbrigða en þó slappast í gegnum lífið án stóráfalla. Garri hefur oftast ekki þótt stressaður og jafnvel taugaveiklaður en hann hefur aldrei þurft að leita sér aðstoðar sérfræðinga. Ekki þurft beinlínis en auðvitað hefði það verið betra og því hefur Garri löngum fylgst með því sem er að gerast í geðverndargeiranum – ef ske kynni að sjálfur myndi Garri þurfa að banka upp á síðar.

Allt brjálað

Fyrir vikið vakti það sérstakan áhuga Garra þegar allt varð brjálað í geðverndarfélaginu Geðhjálp fyrir skömmu og tveir Íslendingar sögðust báðir formenn á sama tíma. Annar var geðhjúkka en hinn geðlæknir og varð félagið óstarfhæft um skeið. Garri hefði talið að mikið þyrfti til að sérfræðingar í geði færu á taugum og því var spennan mikil þegar formennirnir báðir mættu í beina útsendingu hjá hinum geðslegu Kastljóssmönnum fyrir skemmstu. Fljótt runnu þó grímur tvær á Garra. Og þá sérstaklega þegar annar sérfræðingurinn sagði að margir meðlimir félagsins hefðu verið svo drukknir á aðalfundinum að minnti á kúreka villta vestursins.

Sjónvarpsmennirnir tveir sátu í andakt og hlustuðu á geðfræðingana fabúlera fram og aftur um drukkið fólk, framkomu og siðleysi. Loks rankaði annar við sér og spurði hvort það væri virkilega málið að líknarsamtökin væru óstarfhæf vegna óláta og deilu um fundarsköp. Það var svolítið skömmustulegt fólk sem neyddist til að játa að svo væri já.

Sálfræðin er ágæt

Nú er komin einhvers konar sátt í málið og það bykir Garra gott, enda seinþreyttur sjálfur til leiðinda. Hiitt veldur honum áhyggjum hvernig heilsan er almennt hjá meðlimum frjálsra félagasamtaka ef þessi er raunin hjá gúrúum jafnvægisins. Í einfeldni sinni hélt Garri að sérfræðingar í geðvernd hefðu betur stjórn á skapi sínu, drykkju síður á aðalfundum og væru klárari í fundarsköpum en sauðsvartur almúginn en það er öðru nær. Þetta minnir Garra reyndar á ræðu námsráðgjafans sem fyrrum mældi Garra út á sínum tíma og sagði þegar Garri var að velta fyrir sér sálfræðinni. „Hún er ágæt sálfræðin svo framarlega sem þú ferð ekki í námið til að sálgreina sjálfan þig.“ Garri sá strax að námsráðgjafinn hafði séð í gegn-



um hann og var ör í skapi þegar hann yfirgaf skrifstofuna þennan dag. En hann var örugglega ekki jafn ör og formannsfólkið hjá Geðhjálp og Garri þakkar nú námsráðgjafanum af lífi og sál. Deilurnar í Geðhjálp sýna að það er hreint ekki geðslegt verk að vinna við annarra manna sinni. Og þurfa að gæta að sínu eigin í leiðinni.

Garri